

ÁKVÖRDUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2241/2004/EB

2008/EES/23/13

frá 15. desember 2004

um samræmdan lagaramma Bandalagsins um gagnsæi menntunar og hæfni (evrópskt starfsmenntavegabréf) (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

einkum 149. og 150. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aukið gagnsæi menntunar og hæfni mun auðvelda hreyfanleika um alla Evrópu með tilliti til símenntunar og stuðla þannig að auknum gæðum menntunar og þjálfunar, auk þess sem það mun auðvelda atvinnutengdan hreyfanleika milli landa og starfsgreina.

2) Í aðgerðaáætluninni um hreyfanleika ⁽⁴⁾, sem samþykkt var á fundi leiðtogaráðsins í Nice 7.–9. desember 2000, og tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EB frá 10. júlí 2001 um hreyfanleika námsmanna, einstaklinga í starfsþjálfun, sjálfbodaliða og kennara í bóklegum og verklegum greinum innan Bandalagsins ⁽⁵⁾ er lagt til að ýtt verði undir notkun skjala sem stuðla að gagnsæi menntunar og hæfni, með það í huga að koma á sameiginlegu, evrópsku svæði menntunar og hæfni. Í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um færni og hreyfanleika er hvatt til innleiðingar og samningar gerninga sem styðja gagnsæi og yfirfærslu vitnisburðar um menntun og hæfni til að auðvelda hreyfanleika innan og á milli starfsgreina. Á fundi leiðtogaráðsins í Barselóna 15. og 16. mars 2002 var einnig krafist frekari aðgerða til að innleiða gerninga sem auka gagnsæi prófskírteina og vitnisburðar um menntun og hæfni. Í ályktun ráðsins frá 3. júní 2002 um færni og hreyfanleika ⁽⁶⁾ og frá 27. júní 2002 um símenntun ⁽⁷⁾ er hvatt til meiri samvinnu, m.a. með tilliti til þess að móta ramma fyrir gagnsæi og viðurkenningu á grundvelli fyrirbyggjandi gerninga.

3) Í ályktun ráðsins frá 19. desember 2002 um að stuðla að auknu Evrópusamstarfi í starfsnámi og þjálfun ⁽⁸⁾ er hvatt til aðgerða til að auka gagnsæi í starfsnámi og þjálfun með því að beita og hagræða upplýsingaaðferðum og -netkerfum, þ.m.t. að fella fyrirbyggjandi gerninga í einn sameiginlegan ramma. Þessi rami tekur til safns skjala með sameiginlegu vörueiti og sameiginlegu kennimerki og nýtur stuðnings fullnægjandi upplýsingakerfa og vakin er athygli á með viðvarandi kynningaráðgerðum á evrópskum vettvangi og á landsvísu.

4) Nokkrir gerningar hafa verið samdir á síðustu árum, bæði í Bandalaginu og á alþjóðavettvangi, til að auðvelda evrópskum ríkisborgurum að gera betur grein fyrir menntun sinni og hæfni þegar þeir leita sér að vinnu eða vilja fá aðgang að námskerfi. Í þessu felst sameiginleg evrópsk fyrirmynd að ferilskrá (CV), sem gerð er tillaga um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2002/236/EB frá 11. mars 2002 ⁽⁹⁾, viðbótarprófskírteini, sem gerð er tillaga um í samningnum um viðurkenningu á menntun og hæfi á æðra skólastigi á Evrópusvæðinu, samþykkt í Lissabon hinn 11. apríl 1997, evrópska starfsmenntavegabréfið sem komið var á með ákvörðun ráðsins 1999/51/EB frá 21. desember 1998 um að stuðla að dvöl í öðru Evrópulandi sem lið í starfstengdri þjálfun, að meðtöldum námssamningi ⁽¹⁰⁾, viðbótarvottorð og mappa yfir evrópsk tungumál sem leiðtogaráðið tók saman. Þessi sameiginlegi rami skal taka til þessara gerninga.

5) Í framtíðinni ætti að vera mögulegt að bæta öðrum skjölum við þennan ramma, sem samrýmast markmiði hans, um leið og fyrirkomulagi og aðferðum til að hrinda honum í framkvæmd hefur verið komið á og eru tilbúin til notkunar. Síðar væri hægt að víkka þennan sameiginlega ramma svo að hann nái yfir gerning sem ætlaður er til að skrá hæfni handhafans á sviði upplýsingatækni.

6) Góð upplýsingamiðlun og góðar leiðbeiningar eru mikilvægur liður í að auka gagnsæi menntunar og hæfni. Sú þjónusta og netkerfi sem eru fyrir hendi gegna nú þegar mikilvægu hlutverki sem mætti efla með meiri samvinnu í því skyni að auka vægi aðgerða Bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 6. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 13.10.2005, bls. 14

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 117, 30.4.2004, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 121, 30.4.2004, bls. 10.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 22. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. október 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og afstaða Evrópuþingsins frá 14. desember 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 371, 23.12.2000, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 215, 9.8.2001, bls. 30.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 163, 9.7.2002, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB C 162, 6.7.2002, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB C 13, 18.1.2003, bls. 2.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 79, 22.3.2002, bls. 66.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 17, 22.1.1999, bls. 45.

7) Því er nauðsynlegt að tryggja að aðgerðir, sem eru framkvæmdar í samræmi við þessa ákvörðun, séu í réttu samhengi við og til fyllingar öðrum viðkomandi stefnumálum, gerningum og aðgerðum. Í því síðastnefnda felst, á vettvangi Bandalagsins, Evrópumíðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop), sem sett var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 337/75⁽¹⁾, Starfsmenntunarstofnun Evrópu, sem sett var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1360/90⁽²⁾ og vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES), sem komið var á með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/8/EB frá 23. desember 2002 til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 að því er varðar atvinnutilboð og auglýsingar um atvinnu⁽³⁾. Á alþjóðavettvangi er enn fremur Evrópunet innlendra upplýsingamiðstöðva um viðurkenningu á háskólaprófum (ENIC), sem Evrópuráðið og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna komu á laggirnar.

8) Í stað evrópska starfsmenntavegabréfsins, sem innleitt var með ákvörðun 1999/51/EB, skal því koma svipað skjal með víðara gildissvið, þar sem skráð eru öll tímabil hreyfanleika milli landa í því skyni að stunda nám, á öllum stigum og í hvaða tilgangi sem er, sem uppfylla viðeigandi gæðaviðmiðanir, og lokið hefur verið í Evrópu.

9) Innlendir aðilar skulu sjá um að innleiða evrópska starfsmenntavegabréfið, í samræmi við c-lið 2. mgr. og 3. mgr. 54. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna⁽⁴⁾.

10) Inngönguríkjunum, löndunum sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu en eru utan Bandalagsins og umsóknarlöndunum um aðild að Evrópusambandinu er heimilt að taka þátt, í samræmi við viðeigandi ákvæði í þeim gerningum sem varða tengslin milli Bandalagsins og þessara landa. Ríkisborgarar þriðja lands sem eru búsettir í Evrópusambandinu skulu einnig geta notið góðs af kerfinu.

11) Aðilar vinnuarkaðarins gegna mikilvægu hlutverki í tengslum við þessa ákvörðun og skulu koma að framkvæmd hennar. Ráðgjafarnefnd um starfsþjálfun, sem skipuð var með ákvörðun ráðsins 63/266/EBE frá 2. apríl 1963 þar sem settar eru almennar meginreglur um framkvæmd sameiginlegrar starfsþjálfunarstefnu⁽⁵⁾, sem samin er af fulltrúm aðila vinnuarkaðarins og innlendum yfirvöldum aðildarríkjanna, skal upplýst reglulega um framkvæmd þessarar ákvörðunar. Aðilar vinnuarkaðarins á evrópskum vettvangi og aðrir viðkomandi hagsmunaaðilar, þ.m.t. aðilar sem sjá um menntun og þjálfun, munu hafa sérstöku hlutverki að gegna með tilliti til gagnsæisverkefna sem hægt væri að fella inn í evrópskt starfsmannavegabréf þegar þar að kemur.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 39, 13.2.1975, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1655/2003 (Stjtuð. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 41).

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 131, 23.5.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1648/2003 (Stjtuð. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 22).

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 5, 10.1.2003, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtuð. EB 63, 20.4.1963, bls. 1338.

12) Þar eð aðildarríkin ná ekki nógu vel markmiði þessarar ákvörðunar, nánar tiltekið að setja sameiginlegan Bandalagsramma fyrir gagnsæi menntunar og hæfni, og því verði betur náð á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifráðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessu markmiði.

13) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽⁶⁾.

14) Því ber að fella ákvörðun 1999/51/EB úr gildi.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari ákvörðun er settur samræmdur Bandalagsrammi til að ná fram gagnsæi menntunar og hæfni með því að útbúa persónulega, samræmda skjalamöppu sem kalla skal „evrópskt starfsmenntavegabréf“ sem borgarar geta notað að vild til að koma betur til skila og setja fram upplýsingar um menntun sína og hæfni alls staðar í Evrópu. Notkun evrópsks starfsmenntavegabréfs, eða einhverra skjala í evrópska starfsmenntavegabréfinu, felur ekki í sér neinar skuldbindingar eða réttindi önnur en þau sem skilgreind eru í þessari ákvörðun.

2. gr.

Skjöl í evrópska starfsmenntavegabréfinu

Skjöl í evrópska starfsmenntavegabréfinu skulu vera:

a) evrópskt starfsmenntavegabréf-ferilskrá sem um getur í 5. gr.,

b) skjölin sem um getur í 6.–9. gr.,

c) öll önnur skjöl, sem framkvæmdastjórnin viðurkennir sem skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins, í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka og málsméðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

⁽⁶⁾ Stjtuð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

3. gr.

Aðilar vinnumarkaðarins

Með fyrirvara um málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr., skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins og aðra viðkomandi hagsmunaaðila á evrópskum vettvangi, þ.m.t. aðila sem sjá um menntun og þjálfun.

4. gr.

Nefndarmeðferð

1. Við beitingu c-liðar 2. gr. skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar Sókratesnefndarinnar og/eða Leónardónefndarinnar, allt eftir eðli viðkomandi skjals, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 253/2000/EB frá 24. janúar 2000 um framkvæmd annars þreps aðgerðaáætlunar Bandalagsins á sviði menntamála — Sókrates⁽¹⁾ og með ákvörðun ráðsins 1999/382/EB frá 26. apríl 1999 um að koma á fót öðrum áfanga aðgerðaáætlunar Bandalagsins um starfsmenntun „Leonardo da Vinci“⁽²⁾ eftir því sem við á.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

5. gr.

Evrópskt starfsmenntavegabréf-ferilskrá

Evrópska starfsmenntavegabréfið-ferilskrá gerir borgurum kleift að setja fram greinargóðar og tæmandi upplýsingar um alla menntun sína og hæfni. Evrópskt starfsmenntavegabréf-ferilskrá skal vera í samræmi við lýsinguna í II. viðauka.

6. gr.

Evrópskt starfsmenntavegabréf-hreyfanleiki

Í evrópska starfsmenntavegabréfið-hreyfanleiki skal skrá námstímabil handhafa þess í öðrum löndum en heimalandi hans. Evrópskt starfsmenntavegabréf-hreyfanleiki skal vera í samræmi við lýsinguna í III. viðauka.

7. gr.

Evrópskt starfsmenntavegabréf-viðbótarprófskírteini

Í evrópska starfsmenntavegabréfinu-viðbótarprófskírteini skulu vera upplýsingar um námsárangur handhafa þess á æðra menntastigi. Evrópska starfsmenntavegabréfið-viðbótarprófskírteini skal vera í samræmi við lýsinguna í IV. viðauka.

8. gr.

Evrópskt starfsmenntavegabréf-tungumálamappa

Evrópska starfsmenntavegabréfið-tungumálamappa gerir borgurum kleift að kynna tungumálafærni sína. Evrópskt starfsmenntavegabréf-tungumálamappa skal vera í samræmi við lýsinguna í V. viðauka.

9. gr.

Evrópskt starfsmenntavegabréf-viðbótarvottorð

Í evrópska starfsmenntavegabréfinu-viðbótarvottorð skal lýsa hæfni og menntun á sambærilegan hátt og í starfsmenntavottorði. Evrópskt starfsmenntavegabréf-viðbótarvottorð skal vera í samræmi við lýsinguna í VI. viðauka.

10. gr.

Evrópskt starfsmenntavegabréf á Netinu

Til þess að ákvörðun þessi komi til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin og viðkomandi innlend yfirvöld vinna saman að því að setja upp og reka upplýsingakerfi á Netinu um evrópska starfsmenntavegabréfið, sem að hluta til er stjórnað á vettvangi Bandalagsins og að hluta til innanlands. Upplýsingakerfi, sem styður rammann um evrópska starfsmenntavegabréfið, skal vera í samræmi við lýsinguna í VII. viðauka.

11. gr.

Innlendar miðstöðvar fyrir evrópskt starfsmenntavegabréf

1. Aðildarríkin skulu hvert fyrir sig bera ábyrgð á framkvæmd þessarar ákvörðunar í landi sínu. Í þessu skyni skal sérhvert aðildarríki tilnefna innlenda miðstöð fyrir evrópskt starfsmenntavegabréf (NEC), sem skal bera ábyrgð á að samræma innanlands alla starfsemi, sem um getur í þessari ákvörðun, og sem skal koma í stað þeirra aðila sem fyrir eru og stunda svipaða starfsemi eða efla þá ef við á.

Hér með er komið á fót Evrópuneti innlendra miðstöðva fyrir evrópska starfsmenntavegabréfið. Framkvæmdastjórnin skal samræma starfsemi þess.

2. Innlend miðstöð fyrir evrópska starfsmenntavegabréfið skal:

- 1) samræma, í samstarfi við viðkomandi innlenda aðila, starfsemi sem tengist því að gera skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins aðgengileg eða að gefa þau út eða, þar sem við á, framkvæma þessar aðgerðir,
- 2) koma á og hafa umsjón með innlenda upplýsingakerfinu í samræmi við 10. gr.,
- 3) stuðla að notkun evrópska starfsmenntavegabréfsins, þ.m.t. gegnum þjónustu á Netinu,
- 4) tryggja í samstarfi við viðkomandi innlenda aðila, að fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar um evrópska starfsmenntavegabréfið og skjöl sem því fylgja séu aðgengileg almennum borgurum,
- 5) greiða fyrir upplýsingamiðlun og ráðgjöf um námstækifæri alls staðar í Evrópu, uppbyggingu mennta- og starfsþjálfunarkerfa, og önnur málefni er varða hreyfanleika í námsskyni, einkum í nánú samræmi við viðeigandi þjónustustöðvar Bandalagsins og innanlands, og, ef við á, að borgarar hafi aðgang að leiðbeiningum um hreyfanleika,

(¹) Stjúd. EB L 28, 3.2.2000, bls. 1. Ákvörðun eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 885/2004 (Stjúd. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 1).

(²) Stjúd. EB L 146, 11.6.1999, bls. 33. Ákvörðun eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 885/2004.

- f) hafa umsjón á landsvísu með fjárhagsstuðningi Bandalagsins við alla þá starfsemi sem tengist þessari ákvörðun,
- g) taka þátt í Evrópuneti innlendra miðstöðva fyrir evrópskt starfsmenntavegabréf.
3. Innlend miðstöð fyrir evrópska starfsmenntavegabréfið verður framkvæmdaraðili á innlendum vettvangi í samræmi við c-lið 2. mgr. og 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002.

12. gr.

Sameiginlegt verkefni framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu:

- a) tryggja að fullnægjandi kynningar- og upplýsingastarfsemi, sem tekur m.a. til borgara, þeirra sem veita menntun og starfsþjálfun, aðila vinnumarkaðarins og fyrirtækja, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, fari fram innan Bandalagsins og á landsvísu, sem stýður og samþættir eins og þörf krefur aðgerðir innlendra miðstöðva fyrir evrópsk starfsmenntavegabréf,
- b) tryggja fullnægjandi samvinnu á viðeigandi stigi við þar til bærar þjónustustofnanir, einkum vinnumiðlunarnet Evrópu og aðrar þjónustustofnanir Bandalagsins,
- c) gera ráðstafanir til að greiða fyrir jöfnum tækifærum, einkum með því að efla vitund viðkomandi aðila,
- d) tryggja að allir viðkomandi hagsmunaaðilar, þ.m.t. aðilar sem sjá um menntun og þjálfun og aðilar vinnumarkaðarins, taki þátt í framkvæmd þessarar ákvörðunar,
- e) tryggja að viðeigandi Bandalagsákvæði og ákvæði í landslögum er varða vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs séu virt til fulls í allri starfsemi sem tengist framkvæmd þessarar ákvörðunar.

13. gr.

Verkefni framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal í samstarfi við aðildarríkin tryggja fullt samræmi aðgerða, sem framkvæmdar eru samkvæmt þessari ákvörðun, við önnur viðkomandi stefnumið, gæminga og aðgerðir Bandalagsins, einkum á sviði menntunar, starfsþjálfunar, málefna ungmenna, atvinnumála, félagslegrar aðlögunar, rannsókna og tækniþróunar.
2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja sérþekkingu Evrópumíðstöðvar fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop) með beitingu þessarar ákvörðunar, í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 337/75. Með sömu skilyrðum og á viðkomandi sviðum skal koma á samstarfi á vegum framkvæmdastjórnarinnar við Starfsmenntunarfund Evrópu eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 1360/90.
3. Framkvæmdastjórnin skal reglulega upplýsa Evrópuþingið og ráðið og aðra viðkomandi aðila, einkum ráðgjafanefndina um starfsþjálfun, um framkvæmd þessarar ákvörðunar.

14. gr.

Aðildarlönd

1. Þátttaka í starfseminni, sem um getur í þessari ákvörðun, er opin inngönguríkjum og löndum utan Bandalagsins, sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í EES-samningnum.

2. Þátttaka skal einnig vera opin umsóknarlöndum um aðild að Evrópusambandinu í samræmi við viðkomandi Evrópusamninga.

15. gr.

Mat

Eigi síðar en 1. janúar 2008 og síðan á fjögurra ára fresti skal framkvæmdastjórnin leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar ákvörðunar, byggða á mati sem óháður aðili vinnur.

16. gr.

Fjárhagsákvæði

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar. Farið skal með kostnað vegna þessarar ákvörðunar eins og tilgreint er í VIII. viðauka.

17. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 1999/51/EB er hér með felld úr gildi.

18. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

19. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 15. desember 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. NICOLAÏ

forseti.

I. VIÐAUKI

Viðmiðanir fyrir innleiðingu nýrra skjala evrópska starfsmenntavegabréfsins eins og um getur í c-lið 2. gr.

Öll ný skjöl evrópsks starfsmenntavegabréfs skulu uppfylla eftirfarandi lágmarksviðmiðanir:

1. Gildi: Skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins skulu sérstaklega miða að því að auka gagnsæi menntunar og hæfni,
2. Evrópuþáttur: Þrátt fyrir að notkun skjala evrópska starfsmenntavegabréfsins sé valfrjáls skal vera hægt að nota þau í öllum aðildarríkjum,
3. Tungumál: Fyrirmyndir skjala evrópska starfsmenntavegabréfsins skulu vera tiltækar á a.m.k. öllum opinberum tungumálum Evrópusambandsins,
4. Hagkvæmni: Hægt skal vera að dreifa skjölum evrópsks starfsmenntavegabréfs með skilvirkum hætti, um stofnanir sem annast úthlutun eftir því sem við á, hvort tveggja á pappír og rafrænu formi.

II. VIÐAUKI

EVROPSKT STARFSMENNTAVEGABRÉF-FERILSKRÁ**1. Lýsing**

1.1. Evrópska starfsmenntavegabréfið-ferilskrá byggist á sameiginlegri evrópskri fyrirmynd að ferilskrá sem gerð er tillaga um í ályktun 2002/236/EB.

Almennir borgarar hafa þar fyrirmynd að því hvernig þeir geta kynnt menntun sína og hæfni kerfisbundið, í réttri tímaröð og með sveigjanlegum hætti. Sérstakar leiðbeiningar um ólík svið hafa verið samdar sem og viðmiðunarreglur og dæmi sem eiga að hjálpa borgurum við að fullgera evrópskt starfsmenntavegabréf-ferilskrá.

1.2. Í evrópsku starfsmenntavegabréfi-ferilskrá eru flokkar þar sem fram koma:

- persónulegar upplýsingar, tungumálakunnátta, starfsreynsla, menntun og starfsþjálfun sem viðkomandi hefur hlotið,
- upplýsingar um aðra hæfni sem einstaklingurinn býr yfir, með áherslu á tæknilega, listræna og félagslega færni og skipulagshæfileika,
- viðbótarupplýsingar sem hægt er að setja í evrópska starfsmenntavegabréfið-ferilskrá í einum eða fleiri viðaukum.

1.3. Evrópska starfsmenntavegabréfið-ferilskrá er persónulegt skjal sem hefur að geyma persónulegar yfirlýsingar sem almennir borgarar skrifa sjálfir.

1.4. Fyrirmyndin er nokkuð ítarleg en almennir borgarar geta valið reitina sem þeir vilja fylla út. Borgarar sem fylla út rafræna formið, annaðhvort með því að hala það niður eða í beinlínutengingu, skulu geta fjarlægt þá reiti sem þeir vilja ekki fylla út. Einstaklingur sem t.d. tiltekur ekki kynferði sitt eða hefur enga sérstaka tæknilega færni að tilgreina skal geta fjarlægt viðkomandi reiti svo að engir auðir reitir birtist á skjánum eða í prentuðu útgáfunni.

1.5. Evrópska starfsmenntavegabréfið-ferilskrá er meginstoð evrópska starfsmenntavegabréfsins: í skjalamöppu evrópska starfsmenntavegabréfsins fyrir tiltekinn borgara er evrópskt starfsmenntavegabréf-ferilskrá, sem borgarinn sjálfur hefur fyllt út, og eitt eða fleiri skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins, í samræmi við sérstakan náms- og starfsferil þess tiltekna borgara. Í rafræna formi evrópska starfsmenntavegabréfsins-ferilskrá skal vera hægt að setja krækjur úr tilteknum hlutum þess yfir í viðkomandi skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins, t.d. úr hlutanum um menntun og starfsþjálfun yfir í viðbótarprófskírteinið eða viðbótarvottorðið.

1.6. Í samræmi við e-lið 12. gr. þessarar ákvörðunar skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir til að halda utan um evrópska starfsmenntavegabréfið-ferilskrá, einkum rafrænt form þess, til að tryggja að viðeigandi Bandalagsákvæði og ákvæði landslaga, er varða vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs, séu virt til fulls.

2. Sameiginleg uppbygging evrópska starfsmenntavegabréfsins-ferilskrá

Í reitnum hér á eftir er fyrirmynd að uppbyggingu og texta evrópsks starfsmenntavegabréfs-ferilskrá sett fram. Uppsetning, bæði á pappírformi og rafræna forminu, auk lagfæringa á uppsetningu og texta, verður samkomulagsatriði milli framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra innlendra yfirvalda.

Skáletraði textinn er ætlaður til að auðvelda útfyllingu skjalsins.

(Kennimerki evrópska starfsmenntavegabréfsins)
 EVRÓPSKT STARFSMENNTAVEGABRÉF-FERILSKRÁ
 PERSÓNUUPPLÝSINGAR

Almennir borgarar geta valið hvaða reiti þeir fylla út

Nafn KENNINAFN, annað nafn (önnur nöfn)

Heimilisfang Húsnúmer, götuheiti, póstnúmer, borg, land

Sími

Bréfasími

Tölvupóstur:

Ríkisfang

Fæðingardagur *Dagur, mánuður, ár*

Kyn

LÝSING Á ATVINNUHÆFNI

STARFSREYNSLA

— Dagsetningar (*frá - til*) *Bæta má við sérstökum færslum fyrir hverja viðkomandi stöðu, og byrja á síðasta starfi.*

— Nafn og heimilisfang vinnuveitanda:

— Tegund atvinnugreinar eða sviðs

— Atvinna eða staða

— Aðalstarfsemi og skyldustörf

MENNTUN OG ÞJÁLFUN

— Dagsetning (*frá - til*) *Bæta má við sérstökum færslum fyrir þau námskeið sem lokið er og byrja á því síðasta.*

Nafn og tegund stofnunar þar sem viðkomandi hlaut menntun og þjálfun

— Aðalgreinar/fagkunnátta

— Heiti menntunar og hæfis

— Stig í innlendri flokkun (ef við á)

PERSÓNULEG FÆRNI OG HÆFNI

Aunnin í lífi og starfi en ekki endilega skráð í vottorð og prófskírteini.

Móðurmál:

Önnur tungumál:

— Skilningur

Lestur: Tilgreina stig: sjá leiðbeiningar

Hlustun: Tilgreina stig: sjá leiðbeiningar

— Talmál

Samræður: Tilgreina stig: sjá leiðbeiningar

Framsetning Tilgreina stig: sjá leiðbeiningar

— Ritmál: Tilgreina stig: sjá leiðbeiningar

Félagsleg færni og hæfni

Að lifa og starfa með öðrum í stöðu þar sem samskipti eru mikilvæg og við aðstæður þar sem hópvinna er grundvallaratriði (t.d. í menningarmálum og íþróttum) í fjölmennningarlegu umhverfi, o.s.frv.

Lýsing á þessari hæfni og tilgreint hvar hún fékkst.

Skipulagsfærni og hæfni

Samræming og stjórnun fólks, verkefna og fjárhagsáætlana; í vinnu, í sjálfböðavinnu (t.d. í menningarmálum og íþróttum)

Lýsing á þessari hæfni og tilgreint hvar hún fékkst.

Tölvuþekking og hæfni

Ritvinnsla og önnur forrit, leit í gagnagrunnum, þekking á Netinu, meiri færni (forritun o.s.frv.)

Lýsing á þessari hæfni og tilgreint hvar hún fékkst.

Tækniþekking og hæfni

Á sérstökum gerðum búnaðar, véla o.s.frv. öðrum en tölvum.

Lýsing á þessari hæfni og tilgreint hvar hún fékkst.

Listrænir hæfileikar og hæfni

Tónlist, ritsmíðar, hönnun o.s.frv.

Lýsing á þessari hæfni og tilgreint hvar hún fékkst.

Önnur færni og hæfni

Hæfni sem ekki er getið hér að framan

Lýsing á þessari hæfni og tilgreint hvar hún fékkst.

Ökuskírteini

Tekið fram hvort viðkomandi er handhafi ökuskírteinis og þá fyrir hvaða flokk ökutækja.

Viðbótarupplýsingar

Hér skal taka fram aðrar upplýsingar sem kunna að eiga við, t.d. tengiliði, tilvísanir, o.s.frv.

Viðaukar

Skrá alla meðfylgjandi viðauka.

III. VIÐAUKI

EVROPSKT STARFSMENNTAVEGABRÉF-HREYFANLEIKI

1. Lýsing

1.1. Í evrópska starfsmenntavegabréfið-hreyfanleiki skal skrá, að samevrópskri fyrirmynd, námsdvöl í öðru Evrópulandi eins og skilgreint er í lið 1.2. Skjalið er persónulegt og í það er skráð sérstök námsdvöl handhafa þess í öðru Evrópulandi sem auðveldar honum að skýra frá lærdómi sínum af þeirri reynslu, einkum með tilliti til hæfni.

1.2. Námsdvöl í öðru Evrópulandi er tímabil sem einstaklingur, á hvaða aldri sem er, hvaða menntastigi sem er og hvaða stöðu sem hann gegnir, ver í öðru landi í til að stunda nám og sem:

- a) fer annaðhvort fram innan ramma Bandalagsáætlunar á sviði menntunar og þjálfunar,
- b) eða uppfyllir allar eftirfarandi gæðaviðmiðanir:
 - tímabilið, sem varið er í öðru landi, liggur innan ramma framtaksverkefnis á sviði menntunar í upprunalandi einstaklingsins sem tekur þátt í því,
 - sú stofnun sem ber ábyrgð á framtaksverkefni á sviði menntunar í upprunalandinu (sendistofnun) mælir fyrir um skriflegt samkomulag um efni, markmið og lengd námsdvalar í öðru Evrópulandi ásamt gististofnuninni og leggur fyrir innlenda miðstöð fyrir evrópskt starfsmenntavegabréf, eða aðila sem er tilnefndur til að hafa umsjón með evrópska starfsmenntavegabréfinu-hreyfanleiki í upprunalandi þess, til að tryggja að viðkomandi einstaklingur fái nauðsynlega tungumálakennslu og til að leiðbeinandi sé tilnefndur í gistilandinu sem falið er að aðstoða, upplýsa, leiðbeina og fylgjast með viðkomandi einstaklingi,
 - hvert og eitt þáttökuland skal vera aðildarríki í Evrópusambandinu eða EFTA-land innan EES,
 - ef við á vinna sendistofnunin og gististofnunin saman að því að veita viðkomandi einstaklingi réttar upplýsingar um hollustuhætti og öryggi á vinnustað, vinnulöggjöf, jafnréttismál og önnur vinnutengd ákvæði sem gilda í gistilandinu.

1.3. Evrópska starfsmenntavegabréfið-hreyfanleiki er fyllt út af sendistofnuninni og gististofnuninni, sem tengist verkefninu um hreyfanleika, á tungumáli sem þær og viðkomandi einstaklingur hafa komið sér saman um. Borgarar sem fá úthlutað evrópsku starfsmenntavegabréfi geta beðið um að það sé þýtt yfir á annað tungumál, sem þeir velja úr tungumálum sendi- og gististofnananna, eða tungumál þriðja lands. Ef valið er þriðja tungumál hvílir ábyrgðin á þýðingunni á sendistofnuninni.

1.4. Í evrópsku starfsmenntavegabréfi-hreyfanleiki felast persónuupplýsingar (sjá 2. mgr. hér á eftir). Nafn einstaklingsins sem fær úthlutað evrópsku starfsmenntavegabréfi-hreyfanleiki eru einu persónuupplýsingarnar sem skylt er að láta í té. Stofnuninni, sem fyllir út evrópska starfsmenntavegabréfið-hreyfanleiki, er ekki heimilt að fylla út í aðra reiti er varða persónuupplýsingar nema með samþykki viðkomandi einstaklings. Ekki er heldur skylda að fylla út reitinn „Menntun og hæfi“ þar eð ekki fæst formlegur vitnisburður um öll menntunar- eða þjálfunarverkefi. Öll framkvæmd sem lýtur að því að fylla út evrópska starfsmenntavegabréfið-hreyfanleiki í rafrænu formi, annaðhvort halað niður eða beinlínutengt, skal vera með þeim hætti að hægt sé að fjarlægja þá reiti sem ekki hafa verið fyllt út svo að engir auðir reitir birtist á skjánum eða í prentuðu útgáfunni.

1.5. Innlenda miðstöðin fyrir evrópskt starfsmenntavegabréf ber ábyrgð á því að tryggja:

- að skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins-hreyfanleiki séu aðeins birt til að skrá námsdvöl í öðru landi,
- að öll skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins-hreyfanleiki séu fyllt út á rafrænu formi
- að öllum skjölum evrópska starfsmenntavegabréfsins-hreyfanleiki sé einnig úthlutað til handhafa þess á pappírformi, í möppu sem er sérstaklega útbúin í samvinnu við framkvæmdastjórnina.

1.6. Í samræmi við e-lið 12. gr. þessarar ákvörðunar skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir til að halda utan um evrópska starfsmenntavegabréfið-hreyfanleiki, einkum rafrænt form þess, til að tryggja að viðeigandi Bandalagsákvæði og ákvæði landslaga um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs séu virt til fulls.

2. Sameiginlegt form evrópska starfsmenntavegabréfsins-hreyfanleiki

Í reitnum hér á eftir er tilgreind uppbygging og texti evrópska starfsmenntavegabréfsins-hreyfanleiki. Framkvæmdastjórnin og lögbær innlend yfirvöld samþykkja uppsetningu á bæði pappírforminu og rafræna forminu, auk lagfæringa á uppbyggingu og texta.

Hvert textaatriði er númerað til að auðveldara sé að sækja það í fjöltyngda orðalista. Skáletraði textinn er ætlaður til að auðvelda útfyllingu skjalsins. Reiti merkta með stjörnu (*) er ekki nauðsynlegt að fylla út.

(Kennimerki evrópsks starfsmenntavegabréfs)

EVROPSKT STARFSMENNTAVEGABRÉF-HREYFANLEIKI

- 1) Þessu evrópska starfsmenntavegabréfi-hreyfanleiki er úthlutað til
- 2) *eiginnafn og kenninamn handhafa*
- 3) af
- 4) *stofnun sem hefur með höndum námsverkefni í landinu sem komið er frá*
- 5) dagsetning dd/mm/áááá
- 6) Undirskrift/stimpill (undirskrift og stimpill stofnunarinnar sem úthlutar skjalinu)

- 7) **PERSÓNUUPPLÝSINGAR UM HANDHAFA**
- 8) Kenninamn
- 9) Eiginnamn / Önnur nöfn
- 10) Undirritun.
- 11) Heimilisfang Húsnúmer, götuheiti, póstnúmer, borg, land
- 12) * Tengiliður, t.d. netfang, sími
- 13) Fæðingardagur dd/mm/áááá
- 14) Ríkisfang
- 15) * *Reitur fyrir ljósmynd*
- 16) **NÁMSDVÖL Í ÖÐRU EVRÓPULANDI**
- 17) Framtaksverkefni á sviði menntunar- eða þjálfunarverkefni sem fylgja í kjölfar þess að lokið er námsdvöl í öðru Evrópulandi
- 18) * *Prófskírteini um menntun og hæfi, starfsheiti eða annað vottorð sem verkefnið á sviði menntunar hefur leitt til, ef um það er að ræða*
- 19) Lengd námsdvalar í öðru Evrópulandi
- 20) Frá dd/mm/áááá til dd/mm/áááá
- 21) Upplýsingar um gistaðila
- 22) Nafn og starfssvið leiðbeinanda
- 23) Námsefni námsdvalar í öðru Evrópulandi.
- 24) *Í þessum hluta skulu vera viðeigandi upplýsingar, eftir því sem við á, um áunna menntun eða þjálfun eða um starfsreynslu sem hlýst af námsdvöl í öðru Evrópulandi og, eftir því sem við á, færni og hæfni sem hlýst af henni ásamt matsaðferðinni.*

- 25) *Í lýsingunni skal sérstaklega koma fram hvernig námsdvöl í öðru Evrópulandi hefur aukið:*
 - *tæknipækkingu handhafa og hæfni hans einkum sem lýtur að því sérstaka sviði sem felst í menntunar- eða þjálfunarframtaksverkefni hans,*
 - *tungumálakunnáttu handhafa,*
 - *félagslega færni og hæfni handhafa, einkum sem tengist reynslu af öðrum menningarsamfélögum,*
 - *skipulagshæfileika og hæfni handhafa,*
 - *aðra færni og hæfni handhafa.*
- 26) Undirskrift gistaðila og handhafa.

IV. VIÐAUKI

EVROPSKT STARFSMENNTAVEGABRÉF-VIÐBÓTARPRÓFSKÍRTEINI

1. Lýsing

1.1. Evrópskt starfsmenntavegabréf-viðbótarprófskírteini fylgir með prófskírteini um æðri menntun, til að auðvelda utanaðkomandi aðilum, einkum aðilum í öðrum löndum, að átta sig á þýðingu prófskírteinisins með tilliti til þekkingar og hæfni sem handhafi þess hefur öðlast.

Í þessu skyni er í Evrópska starfsmenntavegabréfinu-viðbótarprófskírteini lýst eðli, stigi, efni og stöðu rannsóknanna sem einstaklingurinn, sem er handhafi upprunalega prófskírteinisins sem fylgir viðbótarprófskírteininu, vann að og lauk við. Það er því persónulegt skjal sem varðar tiltekinn handhafa þess.

1.2. Evrópska starfsmenntavegabréfið-viðbótarprófskírteini kemur ekki í stað upphaflega prófskírteinisins og gefur engan rétt til formlegrar viðurkenningar á upprunalega skírteininu af hálfu háskólayfirvalda annarra landa. Hins vegar greiðir það fyrir áreiðanlegu mati á upprunalega prófskírteininu og getur þannig auðveldað lögbærum yfirvöldum eða starfsfólki, sem fjallar um umsóknir hjá æðri menntastofnunum, að viðurkenna þær.

1.3. Evrópska starfsmenntavegabréfið-viðbótarprófskírteini er útbúið af lögbærum innlendum yfirvöldum í samræmi við fyrirmynd sem þróuð hefur verið af sameiginlegum starfshópi frá framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, Evrópuráðinu og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), sem hefur prófað það og betrubætt. Fyrirmyndin að viðbótarskírteininu er fánleg á opinberum tungumálum Evrópusambandsins. Hún er sveigjanlegt, óstaðlað tæki sem er til komið af hagkvæmnisástæðum og laga má að staðbundnum þörfum og endurskoða reglulega.

1.4. Í Evrópska starfsmenntabréfinu-viðbótarprófskírteini eru átta liðir með upplýsingum um handhafa prófskírteinisins 1) og menntunina sjálfa 2), upplýsingum um menntunarstig 3), innihald og árangur 4), réttindin sem fylgja menntuninni 5), frekari upplýsingar ef einhverjar eru 6), vottun frekari upplýsinga 7) og að lokum upplýsingum um fyrirkomulag æðri menntunar innanlands 8). Upplýsingar skulu veittar í öllum liðunum átta. Ef upplýsingar eru ekki veittar, skal gefa skýringu á því. Menntastofnanirnar skulu nota sömu aðferðir við sannvottun evrópska starfsmenntabréfsins-viðbótarprófskírteini og við sjálft prófskírteinið (menntunar- og hæfisskírteini).

1.5. Í samræmi við e-lið 12. gr. þessarar ákvörðunar skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir til að halda utan um evrópska starfsmenntavegabréfið-viðbótarprófskírteini, einkum rafrænt form þess, til að tryggja að viðeigandi Bandalagsákvæði og ákvæði landslaga er varða vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs séu virt til fulls.

2. Sameiginleg efnisskipan evrópsks starfsmenntavegabréfs-viðbótarprófskírteinis

Í reitnum hér á eftir er sameiginleg valfrjáls fyrirmynd að uppbyggingu og texta evrópska starfsmenntavegabréfsins-viðbótarprófskírteini tilgreind. Þar til bær innlend yfirvöld skulu sammælast um uppsetningu, bæði á pappírseyðublaðinu og rafræna eyðublaðinu.

(Kennimerki evrópsks starfsmenntavegabréfs)	
VIÐBÓTARPRÓFSKÍRTEINI	
1.	Upplýsingar um handhafa menntunar
1.1/1.2	Kenninafn/eiginnafn:
1.3	Fæðingardagur, fæðingarstaður, fæðingarland:
1.4	Nemendanúmer eða skráningarnúmer:
2.	Upplýsingar um menntun og hæfi
2.1	Heiti menntunar og hæfis (fullt heiti, skammstöfun): Heiti titils (fullt heiti, skammstöfun):
2.2	Meginsvið menntunar:
2.3	Heiti stofnunar sem úthlutar prófskírteini:
2.4	Heiti stofnunar sem hefur umsjón með náminu:
2.5	Tungumálið sem menntunin/prófið fer fram á:
3.	Upplýsingar um menntunarstig
3.1	Menntunarstig:
3.2	Opinber tímarammi námsáætlunarinnar:
3.3	Inntökuskilyrði:
4.	Upplýsingar um innihald menntunar og árangur
4.1	Námstílhögun
4.2	Kröfur um námsáætlun:
4.3	Nánari útlitun á námsáætlun:
4.4	Einkunnakerfi, upplýsingar um einkunnagjöf
4.5	Heildarflokkun
5.	Upplýsingar um hvaða réttindi menntunarstigið gefur
5.1	Aðgangur að frekara námi:
5.2	Starfsheiti
6.	Viðbótarupplýsingar
6.1	Viðbótarupplýsingar
6.2	Aðrar upplýsingaveitur:
7.	Vottun viðbótarinnar Þetta viðbótarprófskírteini á við um eftirfylgjandi upprunaleg skjöl: Opinber stimpill eða innsigli:
8.	<i>Upplýsingar um æðri menntakerfi á landsvísu:</i>
8.1	Tegundir stofnana og stofnanaeftirlit:
8.2	Samþykktar námsleiðir og prófgráður:
8.3	Viðurkenning/faggilding námsleiða og prófgráða:
8.4	Skipulag náms:
8.4.1	Samþætt „löng“ námsleið (eitt þrep): (kandídatpróf, magister artium, Staatsprüfung):
8.4.2	Fyrsta- og annars stigs námsleiðir (tvö þrep): (Bakkalaureus/Bachelor –Magister/Master):
8.5	Sérhæft viðbótarnám:
8.6	Doktorspróf:
8.7	Einkunnakerfi:
8.8	Aðgangur að æðri menntun:
8.9	Innlendar upplýsingaveitur:

V. VIÐAUKI

EVROPSKT STARFSMENNTAVEGABRÉF-TUNGUMÁLAMAPPA

1. Lýsing

1.1. Evrópska starfsmenntavegabréfið-tungumálamappa, sem er þróað af Evrópuráðinu, er skjal þar sem nemendur í tungumálum geta skráð tungumálanám sitt ásamt menningarlegri reynslu og hæfni.

1.2. Evrópskt starfsmenntavegabréf-tungumálamappa hefur tvenns konar hlutverki að gegna: kennslufræðilegu hlutverki og upplýsingahlutverki.

Hvað varðar fyrra hlutverkið er því ætlað að hvetja tungumálanemendur til að bæta hæfni sína til samskipta á mismunandi tungumálum og leggja sig eftir nýrri þekkingu og reynslu úr öðrum menningarsamfélögum. Markmiðið er að hjálpa námsmönnum að velta fyrir sér námsmarkmiðum sínum, skipuleggja nám sitt og stunda sjálfsnám.

Hvað varðar upplýsingahlutverkið, er markmiðið með Evrópska starfsmenntavegabréfinu-tungumálamöppu að sýna fram á tungumálakunnáttu handhafans á ítarlegan, upplýsandi, gagnsæjan og áreiðanlegan hátt. Það hjálpar nemendum að gera sér grein fyrir hvaða færni þeir hafa náð í einu eða fleiri erlendum tungumálum og gerir þeim kleift að gefa öðrum ítarlegar upplýsingar sem eru sambærilegar á alþjóðamælikvarða. Öll færni er metin, án tillits til þess hvort hún er fengin með eða án formlegrar menntunar.

1.3. Í Evrópska starfsmenntavegabréfinu-tungumálamöppu er:

- tungumálavegabréf sem viðkomandi eigandi endurnýjar reglulega. Eigandinn lýsir tungumálakunnáttu sinni, í samræmi við sameiginlegar viðmiðanir sem eru viðurkenndar alls staðar í Evrópu,
- ítarleg tungumálasaga sem lýsir reynslu eigandans af hverju tungumáli,
- mappa þar sem safnað er saman sýnishornum af persónulegri vinnu sem varpar ljósi á tungumálakunnáttu. Evrópska starfsmenntavegabréfið-tungumálamappa er eign nemandans.

1.4. Safn sameiginlegra meginreglna og leiðbeininga hefur verið samþykkt fyrir allar möppur. Verið er að þróa mismunandi fyrirmyndir í aðildarríkjum Evrópuráðsins, eftir aldri nemenda og innlendum aðstæðum. Allar fyrirmyndir skulu vera í samræmi við samþykktar meginreglur og viðurkenndar af evrópsku löggildingarnefndinni, svo þær geti notað kennimerki Evrópuráðsins. Hér að neðan er gefin fyrirmynd að tungumálavegabréfinu, sem er hluti að möppunni sem þarf að fylla út í samræmi við skilgreinda efnisskipan.

1.5. Í samræmi við e-lið 12. gr. þessarar ákvörðunar skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir til að halda utan um evrópska starfsmenntavegabréfið-tungumálamappa, einkum rafrænt form þess, til að tryggja að viðeigandi Bandalagsákvæði og ákvæði landslaga um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs séu virt til fulls.

2. Sameiginleg uppbygging á liðnum tungumálavegabréf í evrópsku tungumálamöppunni

Í reitnum hér á eftir er tilgreind sameiginleg valfrjáls fyrirmynd að uppbyggingu og texta í liðnum tungumálavegabréf í evrópska starfsmenntavegabréfinu-tungumálamappa. Lögbær yfirvöld þjóðlandanna skulu sammælast um uppsetningu á pappírseyðublaðinu og rafræna eyðublaðinu.

(Kennimerki evrópsks starfsmenntavegabréfs)

TUNGUMÁLAVEGABRÉF

Yfirlit yfir tungumálakunnáttu

Móðurmál: [tilgreinið]

Tungumál	Ritmál	Talað mál-samræður	Talað mál-framsetning	Lesskilningur	Hlustunarskilningur
sjálfsmat					

(Endurtakist eftir þörfum).

Samantekt á tungumálanámi og reynslu af öðrum menningarsamfélögum

Tungumálanám og –notkun í löndum og á svæðum þar sem tungumálið er ekki talað

Tungumál	Allt að 1 ári	Allt að 3 árum	Allt að 5 árum	Meira en 5 ár
Grunnskóli/framhaldsskóli/starfsmenntun				
Framhaldsmenntun				
Fullorðinsfræðsla				
Önnur námskeið				
Reglubundin notkun á vinnustað				
Reglubundin samskipti við innfædda notendur tungumálsins				
Annað				

Frekari upplýsingar um tungumál og reynslu af öðrum menningarsamfélögum:

(Endurtakist eftir þörfum).

Dvöl á svæðum þar sem tungumálið er talað

Tungumál	Allt að 1 mánuði	Allt að 3 mánuðum	Allt að 5 mánuðum	Meira en 5 mánuði
Notkun tungumálsins við nám eða starfsmenntun				
Notkun tungumálsins á vinnustað				
Annað				

Frekari upplýsingar um tungumál og reynslu af öðrum menningarsamfélögum:

Vottorð og prófskírteini

Tungumál: Stig:

Heiti:

Úthlutað af:

Ár:

(Endurtakist eftir þörfum).

VI. VIÐAUKI

EVROPSKT STARFSMENNTAVEGABRÉF-VIÐBÓTARVOTTORÐ

1. Lýsing

1.1. Evrópska starfsmenntavegabréfið-viðbótarvottorð fylgir með vottorði um starfsþjálfun, til að auðvelda utanaðkomandi aðilum, einkum aðilum í öðrum löndum, að átta sig á þýðingu vottorðsins með tilliti til þekkingar og hæfni sem handhafi þess hefur öðlast. Í þessu skyni skal evrópska starfsmenntavegabréfið-viðbótarvottorð innihalda upplýsingar um:

- áunna færni og hæfni,
- stöður sem starfsmenntavegabréfið veitir aðgang að,
- stofnanir sem úthluta vitnisburði og faggildingarstofur,
- gildi vottorðsins,
- hvernig hægt er að útvega vottorðið,
- inntökuskilyrði og tækifæri til framhaldsmenntunar.

1.2. Evrópska starfsmenntavegabréfið-viðbótarvottorð kemur ekki í stað upprunalega vottorðsins og gefur engan rétt til formlegrar viðurkenningar á upprunalega vottorðinu af hálfu yfirvalda annarra landa. Hins vegar greiðir það fyrir áreiðanlegu mati á upprunalega vottorðinu, og getur þannig auðveldað viðurkenningu af hálfu lögbærra yfirvalda.

1.3. Evrópsk starfsmenntavegabréf-viðbótarvottorð eru lögð fram innanlands og gefin út fyrir borgara með samsvarandi menntunarvottorð í samræmi við samþykktar innlendar verklagsreglur.

2. Sameiginleg efnisskipan evrópska starfsmenntavegabréfsins-viðbótarvottorðs

Í reitnum hér á eftir er sameiginleg fyrirmynd að efnisskipan og texta evrópska starfsmenntavegabréfsins-viðbótarvottorð tilgreind. Uppsetning, bæði á á pappírformi og rafræna forminu, auk hvers konar lagfæringa á uppsetningu og texta, verður samkomulagsatriði milli framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra innlendra yfirvalda.

(Kennimerki evrópsks starfsmenntavegabréfs)

VIÐBÓTARVOTTORÐ

1. Heiti vottorðs (á frummálinu):
2. Þýðing á heiti vottorðsins (þýðingin er ekki lagalega bindandi):
3. Lýsing á færni og hæfni:
4. Stöður sem starfsmenntavegabréfið veitir aðgang að (ef við á):

5. Opinber grundvöllur fyrir vottorðinu

Heiti og staða stofnunar sem úthlutar vottorðinu:

Heiti og staða innlands/svæðisbundins/sviðstengds yfirvalds sem veitir faggildingu/viðurkenningu á vottorðinu: Stig vottorðsins (innlent eða alþjóðlegt):

Einkunnakerfi / lágmarkskröfur til að standast próf:

Aðgangur að næsta stigi menntunar/þjálfunar:

Alþjóðasamningar:

Lagalegur grundvöllur fyrir vottorðinu:

6. Opinberlega viðurkenndar leiðir til að afla sér vottorðs:

A) Lýsing á starfsmenntun og fenginni þjálfun:

- Skóli eða námsmiðstöð:
- Vinnustaður:
- Viðurkennt fyrra nám:

B) Hlutfall af heildarmenntun (%):

C) Lengd (klukkustundir/vikur/mánuðir/ár):

Heildarlengd menntunar/þjálfunar sem leiðir til prófvottorðs:

- Inntökuskilyrði/matsskilyrði:
- Viðbótarupplýsingar:
- Frekari upplýsingar (þ.m.t. lýsing á innlendu kerfi menntunar og hæfis) sem unnt er að nálgast á: www.:

VII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAKERFI

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vinna saman að því að tryggja að almennir borgarar geti fyllt út, gegnum Netid, evrópska starfsmenntavegabréfið-ferilskrá og öll önnur skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins sem þarf ekki að gefa út af viðurkenndum aðilum.

Öll skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins sem gefin eru út af viðurkenndum aðilum eru fyllt út á rafrænu formi og gerð aðgengileg handhöfum þeirra. Viðeigandi tæknibúnaður skal valinn í samvinnu framkvæmdastjórnarinnar og viðkomandi innlendra yfirvalda með hliðsjón af nýjustu tækniþróun og innlendum kerfum sem til eru, en ávallt skal hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. Meginreglur um útfærslu

Opið kerfi. Við þróun upplýsingakerfisins fyrir evrópska starfsmenntavegabréfið skal hafa til hliðsjónar tækifæri til þróunar í framtíðinni, einkum með tilliti til þess að bæta frekari skjölum við í rammann um evrópskt starfsmenntavegabréf og að samræma hann upplýsingaþjónustu um störf og tækifæri til náms. Rekstrarsamhæfi. Þeir hlutar upplýsingakerfisins fyrir evrópska starfsmenntavegabréfið sem stjórnað er á landsvísi í hinum mismunandi löndum skulu vera algjörlega samhæfðir hver öðrum rekstrarlega séð og einnig þeim hluta sem stjórnað er á vettvangi Bandalagsins.

2. Skjalastjórnun og aðgangur

2.1. Öll skjöl evrópsks starfsmenntavegabréfs, sem gefin eru út af viðurkenndum aðilum, skulu fyllt út á rafrænu formi í samræmi við aðferðir sem aðilar, sem gefa út skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins og innlendar miðstöðvar fyrir evrópska starfsmenntavegabréfið, koma sér saman um og í samræmi við þær aðferðir sem hafa verið samþykktar á evrópskum vettvangi.

2.2. Evrópska starfsmenntavegabréfið-ferilskrá og öll önnur skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins, sem þarf ekki að gefa út af viðurkenndum aðilum, skulu einnig vera aðgengileg á rafrænu formi.

2.3. Borgar eiga rétt á:

- að fylla út sitt evrópska starfsmenntavegabréf-ferilskrá á Netinu og öll önnur skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins sem þarf ekki að gefa út af viðurkenndum aðilum,
- að útbúa, uppfæra og fjarlægja tengingar milli evrópska starfsmenntavegabréfsins-ferilskrár og annarra skjala evrópska starfsmenntavegabréfsins,
- að láta önnur fylgiskjöl fylgja skjölum eigin evrópsks starfsmenntavegabréfs,
- að prenta út öll skjöl evrópska starfsmenntavegabréfsins og viðauka þess, ef einhverjir eru, eða hluta þeirra.

2.4. Aðeins hlutaðeigandi aðili skal hafa aðgang að skjölum sem innihalda persónuupplýsingar, í samræmi við viðeigandi Bandalagsákvæði og innlend ákvæði er varða vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs.

VIII. VIÐAUKI

FJÁRMÁLAVIÐAUKI

1. Útgjöldin eru ætluð til að fjármagna framkvæmdina sameiginlega á landsvísu og ná yfir tiltekinn kostnað sem stofnað er til á vettvangi Bandalagsins í tengslum við samræmingu, kynningarstarf og vinnslu skjala.
 2. Fjárstuðningur Bandalagsins til aðgerða vegna framkvæmda á landsvísu er veittur með árlegum rekstrarstyrkjum til innlendra miðstöðva fyrir evrópska starfsmenntavegabréfið. Innlendar miðstöðvar fyrir evrópska starfsmenntavegabréfið eru stofnaðar sem lögaðilar og fá ekki aðra rekstrarstyrki úr sjóðum Bandalagsins.
 - 2.1. Styrkirnir eru veittir eftir að vinnuáætlun um starfsemina, sem talin er upp í 11. gr. þessarar ákvörðunar, hefur verið samþykkt og á grundvelli tiltekinnar heimildar.
 - 2.2. Hlutfall sameiginlegrar fjármögnunar mun ekki nema meira en 50% af heildarkostnaði viðkomandi starfsemi.
 - 2.3. Framkvæmdastjórnin getur, við framkvæmd þessarar ákvörðunar, leitað til sérfræðinga og fyrirtækja sem veita tækni-aðstoð sem unnt er að fjármagna innan heildarfjárhagsramma þessarar ákvörðunar. Auk þess er framkvæmdastjórninni heimilt að skipuleggja námskeið, málstofur eða aðra fundi sérfræðinga sem geta orðið til þess að auðvelda framkvæmd þessarar ákvörðunar og ráðist í viðeigandi aðgerðir á sviði upplýsinga-, útgáfu- og dreifingarmála.
-